

Fundur Öldungadeildar LÍ, 7. febrúar 2018 – Fundargerð.

Fyrirlesari; Svavar Gestsson fv. alþingismaður og ráðherra um efnið „Gullni söguhringurinn“ vestur í Dölum.



Svavar Gestsson

Kristófer Þorleifsson formaður öldungadeildar LÍ setti fund kl. 16:00 þegar fundarmenn höfðu gætt sér á kaffi og sætabrauði.

Í upphafi minntist formaður tveggja collega sem látist höfðu frá því síðast var fundað, þeirra Magnúsar Lyngdal Stefánssonar barnalæknis og Björns B. Johnsen heilsugæslulæknis. Risu fundarmenn úr sætum og vottuðu þessum gengnu félögum virðingu með hljóðri stund.

Síðan bauð formaður Svavar Gestsson velkominn á, en hann óx upp í Dölum vestur þar sem hann átti og á frændgarð. Er það ástæða hugðarefnis hans og fleiri þar vestra að hlúð verði að og byggt upp svo sem til þarf á fjölda sögufrægra staða sem mætti kalla „Gullna söguhringurinn“ vestur í Dölum. Einn áfangi þessarar uppbyggingar er að koma á fót s. k. „Vínlandssetri“ í Leifsbúð í Búðardal þar sem sýning yrði á þrívíðum myndum sem greina frá landafundum Íslendinga í vestri. Er sú vinna undir forustu s. k. Eiríksstaðarnefndar. Síðan fór fyrirlesari vítt og breitt um Dali og benti á fjölda sögufrægra staði sem verðir eru þess að fléttast inn í „Gullna söguhringurinn“. Tel ég hér nokkra. Byggingar í Ólafsdal þar sem fyrsti búnaðarskóli landsins reis, verði endurbyggðar og hefur Minjavernd Ríkisins það verkefni með höndum. Laugar í Sælingsdal eiga langa og stórmerka sögu bæði fyrr og síðar. Þar sátu þau í laug saman Guðrún og elskendur hennar, Kjartan og Bolli. Minningarreitir er um Sturlu



Þórðarson sagnaritara að **Staðarhóli**.

Þ

Þá er að nefna Sauðafell, merkan sögustað þar sem Jón biskup Arason og synir voru fangaðir og síðar höggir í Skálholti, Hjarðarholt bæ Ólafs Pá, Hvamm bæ Hvamms – Sturlu. Þá má nefna Skarð á Skarðsströnd þar sem getur að líta stórmerka alabastursbrík í kirkjunni þar, gerða fyrir tilstilli Ólafar ríku. Tilgátubær hefur verið byggður á Eiríksstöðum, bæ Eiríks rauða. Þarna er umhverfið allt þrungið sögu nánast á hverjum bæ og enn er ótalin náttúrufegurð Dalanna og Breiðafjarðareyja. Framtak Dalanna að halda þessu öllu til haga og auðvelda ferðamönnum að átta sig á þessum merku sagnaslóðum er í hæsta máta áhugavert. Að lokum svaraði fyrirlesari fyrirspurnum. Góður rómur var gerður að máli Svavars. Var honum þakkað með lófaklappi og afhent innrammað þakkarskjal auk bókgjafar.

Kristófer formaður boðaði fyrirætlun stjórnar um tveggja daga sumarferð Öldungadeildar í Dalina seint í ágúst undir leiðsögn S. G. og að 48 gistipáss hafi verið tekin frá að Laugum í Sælingsdal. Eru Dalir þar með fullbókaðir fyrir sumarið! Hann boðaði jafnframt næsta fund að mánuði liðnum, þá væntanlega í nýuppgerðum fundarsal læknasamtakanna að Hlíðarsmára 8. Fundi slitið kl. 17:30

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari